

Fundur skólanefndar Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

Haldinn í FMOS miðvikudaginn 6. ágúst 2025 kl. 17:15.

Mættar eru: Sigríður Johnsen, Kolbrún Reinholdsdóttir, Halla Karen Kristjánsdóttir, Guðrún Guðjónsdóttir skólameistari og Bergþóra Arnórsdóttir aðstoðarskólameistari.

Forföll: Sigmar Vilhjálmsson, Anna Sigríður Guðnadóttir

Dagskrá:

- Umsókn til MMS um að ráða leiðbeinendur
- Önnur mál

Umsóknir um undanþágu

Óskað er eftir samþykki skólanefndar til að ráða leiðbeinanda í starf stærðfræðikennara, Ragnheiði Guðbrandsdóttur. Auglýst var eftir stærðfræðikennara í sumar vegna þess að einn kennari óskaði eftir ársleyfi. Fjórar umsóknir bárust og tveir umsækjendur sem ekki hafa kennsluréttindi féllu best að þeirri nálgun og hugmyndafræði sem unnið er eftir í skólanum ásamt því að hafa góða fagþekkingu. Umræður um undanþágubeiðni.

Sótt er um undanþágu fyrir Ragnheiði Guðbrandsdóttur, hún hefur lokið BS og MS prófi í efnafræði og doktorsprófi í eðlisefnafræði, hefur kennslureynslu sem leiðbeinandi og er að hefja kennsluréttindanám.

Skólanefnd treystir því að fagleg þekking skólastjórnenda liggja til grundvallar. Í ljósi framkominnar kynningar styður skólanefnd niðurstöðuna heilshugar.

Auk þess þarf að sækja um undanþágu fyrir Gunnar Örlygur Gunnarsson leiðbeinanda sem ráðinn var til starfa á seinasta skólaári á sérnámsbraut en vegna mistaka þá láðist að sækja um undanþágu fyrir hann.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:05

Fundargerð ritaði Bergþóra Arnórsdóttir

Fundur skólanefndar FMOS 15. janúar 2026

Mætt eru: Berglind Robertson Grétarsdóttir, Helgi Pálsson, Ólafur Ingi Óskarsson, Sigríður Johnsen, Ágúst Frímann Jakobsson (varamaður í stað Ólafar Kristínar Sivertsen). Auk þess sátu fundinn Kristján Arnar Ingason skólameistari og Bergþóra Arnórsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns
2. Ákvörðun um fundartíma
3. Kynning á skólanum
4. Önnur mál

Í upphafi fundar gengu fundamenn um skólann og skoðuðu aðstöðuna.

Kosning formanns

Lagt er til að Sigríður Johnsen taki að sér að vera formaður. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Rætt um greiðslur vegna setu í skólanefnd en fram að þessu hefur ekki verið greitt fyrir setu í skólanefnd. Skólameistara falið að kanna hvaða ástæður fyrir því og gera breytingar þannig að greitt verði fyrir fundarsetu.

Ákvörðun um fundartíma

Fundarmenn sammála um að hentugur fundatími sé á mánudögum kl. 16:30.

Kynning á skólanum

Kristján skólameistari kynnir skólastarfið, fer meðal annars yfir nemendafjölda, námsbrautir og fjárhagsstöðu. Einnig kynnir hann hugmyndir um ímyndarsköpun sem miða að því að fjölga nemendum.

Önnur mál

Nýr skólameistari sem hóf störf 1. desember 2025 er boðinn velkominn til starfa.

Fundi slitið kl. 17:45

Skólanefndarfundur 22. júní 2026

Mætt eru: Sigríður Johnsen formaður skólanefndar, Ólöf Kristín Sívertsen, Ólafur Ingi Óskarsson, Berglind Róbertsson Grétarsdóttir, Kristján Ingi Arnarson skólameistari, Bergþóra Arnórsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritaði fundargerð.

1. Upplýsingar um skólastarfið
2. Fjármál
3. Skóladagatal
4. Innritun nýnema og hátt hlutfall á sérnámsbraut
5. Nýtt starfsfólk
6. Önnur mál

Upplýsingar um skólastarfið

Skólameistari fer yfir skólastarfið, nemendafjölda á seinustu önn og stöðuna í lok annar þegar búið var að útskrifa. Farið var í kynningarstarf á seinustu önn. Eftir innritun nýnema þá eru 98 nýnemar að koma úr grunnskólanum. Bæta þarf við starfsfólki til að koma til móts við þessa fjölgun.

Mikil mannaflapörf er á sérnámsbrautinni. Uppgjör á greiðslum fyrir sérnámið koma eftir á en ljóst að fjármögnun dugar ekki fyrir kostnaði, leitast verður við að fá frekari greiðslu fyrir sérnámið til að koma til móts við kostnað á brautinni.

Fjármál

Búið er að ákveða að gera nýja gjaldskrá, til dæmis verða breytingar á mótuneyti skólans þannig að nemendur og starfsfólk þarf að skrá sig í mat. Það er gert til að halda niðri kostnaði en einnig til að minnka matarsóun.

Farið yfir fjárhagsbókhald skólans, launakostnaður er of hár sem skýrist af nokkrum þáttum. Erfitt er að bregðast við þar sem kostnaður er ófyrirséður. Farið yfir starfsmannamál ársins. Starfsfólk var 46 í vetur, 2 hætta vegna aldurs, 1 fer í leyfi, 4 láta af störfum og fara í annað.

Skólanum er gert að spara háar fjárhæðir næstu 3 árin. Erfitt verður að koma til móts við það, sérstaklega þar sem nemendahópurinn er viðkvæmur.

Skóladagatal næsta árs

Spannakerfi verður tekið upp á næsta skólaári, hver spönn er um 8 vikur. Nemendur í fullu námi hafa 2-3 áfanga auk íþróttar í stundatöflu. Farið yfir skóladagatalið og helstu breytingar frá seinasta skólaári. Skóladagatalið samþykkt af skólanefnd.

Innritun

123 nýnemum hefur verið úthlutað skólapláss, þar af eru 98 nýnemar úr grunnskóla.

Mikil ánægja er með að svo margir nemendur hefja nám í skólanum næsta haust en því fylgir að fleira starfsfólk þarf til að sinna verkefnum.

Nýtt starfsfólk

Nýir kennarar bætast við í starfsmannahópinn, þeir kenna stærðfræði, íslensku, íslensku sem annað mál, dönsku, á sérnámsbraut, á framhaldsskólabraut. Einnig er ráðinn nýr umsjónarmaður fasteigna og stuðningsfulltrúi.

Önnur mál

Spurt um félagslífið, í svari skólameistara kemur fram að seinasta vetur voru klúbbakvöld, böll og líflegt félagslíf. Erfitt verður að halda því áfram miðað við hagræðingarkröfu skólans.

Stjórnendum hrósað fyrir að halda vel utan um skólastarfið. Spurt um sumarleyfi starfsfólks, kennarar eru komnir í sumarleyfi en miðað við að stjórnendur komist í sumarleyfi við lok þessarar viku.

Fundi slitið kl. 13:15